

2162. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 11. júní 2015 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00.

Mættir: Geir Þorsteinsson, Björn Friðþjófsson, Gísli Gíslason, Guðrún Inga Sívertsen, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Jóhannes Ólafsson, Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson, Rúnar V. Arnarson, Vignir Már Þormóðsson og Þórarinn Gunnarsson. Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Gylfi Þór Orrason.

Þetta var gjört:

1. Fundargerð síðasta fundar.
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:
 - Unglinganefnd kvenna 28. maí
 - Mótanefnd 10. júní
3. Mótamál
 - Íslandsmótin og bikarkeppnirnar hafa byrjað vel og mæting á völlinn hefur verið góð. Formaður mótanefndar kynnti tvö mál fyrir stjórn. Annars vegar ósk frá KV og KR um að leikur liðana í 16-liða úrslitum bikarins fari fram á KR-velli. Leikurinn getur ekki farið fram á KV vellinum vegna vallarflokkunar. Samkvæmt reglugerð á leikurinn þá að fara fram á hlutlausum velli. Mótanefnd telur rétt að verða við ósk aðila um að leikurinn fari fram á aðalvelli KR sem er innan sama vallarsvæðis og heimavöllur KV. Stjórn er sammála niðurstöðu mótanefndar í málinu. Hins vegar fjallaði mótanefnd um ósk nokkura félaga um breytingu á leikjum þeirra í 16-liða úrslitum (færsla á 17. júní). Eftir ítarlega skoðun hafnaði mótanefnd þessari ósk.
 - Klippifundur var með dómurum var í gær, þar sem var farið yfir atvik í leikjum.
 - Samþykkt að framlengja undanþágu vegna vallarleyfis Fjölnisvallar út tímabilið. Verið er að vinna að tillögum um framhaldið.
 - Samþykkt að framlengja undanþágu vallarleyfis Eskifjarðarvallar út tímabilið. Framkvæmdaáætlun liggur fyrir og góðar líkur á að fullnægjandi mannvirki verði komin upp 2016.
 - Erindi hefur borist frá Stjórnunni um leikvöll fyrir leiki yngri flokka. Stjórn ákvað að 3. flokkur og yngri verði heimilað að spila á vellinum með 4 m öryggissvæði þó að það kosti það að völlurinn verði eingöngu 57.7m á breidd.
4. A landslið karla
 - Leikið er gegn Tékkum 12. júní.
5. Yngri landslið
 - U21 karla leikur gegn Makedóníu 11. júní á Vodavonevellinum.
 - Norðurlandamót U16 kvenna fer fram í Danmörk 29. júní – 4. júlí sem er á sama tíma og EMU17.
6. Knattspyrnskólar KSÍ
 - Knattspyrnskóli stúlkna fer fram 8.-12. júní. Mist Rúnarsdóttir hefur yfirumsjón.
 - Knattspyrnskóli drengja fer fram 15.-19. júní. Freyr Sverrisson hefur yfirumsjón.
7. EMU17 kvenna

- Undirbúningur gengur vel en verkefnið er mjög viðamikíð.
- 4. júlí kl. 14:00 verður stór stjórnarfundur í tengslum við úrslitaleikinn.

8. FIFA

- FIFA þingið fór fram í maí í skugga lögregluaðgerða gagnvart nokkrum stjórnarmönnum FIFA vegna meintra fjárspillingarmála. Forseti UEFA lýsti yfir stuðningi við Prince Ali í kjöri til forseta FIFA og fylgdi KSÍ stefnu hans. Blatter sigraði í kosningunum en nokkrum dögum síðar tilkynnti hann að boðað yrði til aukabings FIFA eins fljótt og hægt væri til að kjósa nýjan forseta og koma á nauðsynlegum endurbótum innan samtakanna. Þar með boðaði Blatter að hann myndi láta af embætti innan 6-8 mánaða.

9. Önnur mál.

- Aðalfundur Íslenskra getrauna verður 12. júní og verður Guðrún Inga fulltrúi KSÍ.
- Erindi hefur borist frá Val vegna vallarmála. Fyrirhugað er að leggja gervigras á aðalvöll félagsins síðsumars og því óskar Valur eftir að leika á Laugardalsvelli (mfl. ka og kvenna).
- 100 ára afmæli Þórs fór fram 6. júní sl. Guðrún Inga, Vignir, Björn og Klara voru fulltrúar KSÍ. Árni Óðinsson var sæmdur gullmerki sambandsins. Eftirtaldir voru sæmdir silfurmerki: Friðrik Adolfofsson, Gunnar Austfjörð, Gunnþór Kristjánsson, Hanna Dóra Markúsdóttir, Heimir Guðlaugsson, Inga Huld Pálsdóttir, Jóhanna Jessem, Júlíus Tryggvason, Kolbrún Jónsdóttir, Lárus Orri Sigurðsson, Páll Jóhannesson, Ragnheiður Jakobsdóttir, Sigurður Lárusson, Skapti Hallgrímsson og Þóroddur Hjaltalín.
- Samningur KSÍ við Errea gildir fram yfir úrslitakeppnina 2016 en endurnýjast sjálfkrafa ef ekki kemur til uppsögn fyrir áramót.
- Héraðsdómur Reykjaness hefur kveðið upp dóm í máli Stjörnunnar gegn áhorfanda sem hljóp inn á völlinn í Evrópuleik félagsins. Dómurinn féll Stjörnunnari í vil.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.